



Skipulags- og byggingaráð Hafnarfjarðar
Norðurhelli 2
Berglind Guðmundsdóttir

Garðabæ 4. janúar 2021
Heilbrigðisnefndarfundur 1. mars 2021

Varðar: Tillaga um hundagerði við Kirkjugarð Hafnarfjarðar

Lagt fram erindi frá Berglinni Guðmundsdóttur umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðar þar sem óskað er eftir umsögn heilbrigðiseftirlitsins á tillögu skipulags- og byggingaráðs um nýtt hundasvæði milli eldri hluta kirkjugarða Hafnarfjarðar og nýrri hluta. Um er að ræða opið svæði rétt ofan við hringtorg við Öldugötu og afmarkast svæðið af göngustígum á svæðinu.

Heilbrigðisnefnd telur svæðið geta verið heppilegt sem hundagerði með tilliti til þess að nokkur fjarlægð er í næstu íbúðahverfi með hliðsjón af hávaða af slíkri starfsemi. Þá er svæðið vel tengt með göngustígum og því aðgengilegt fyrir íbúa. Jafnframt er hægt að samnýta bílastæði með kirkjugörðunum. Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að svæðið verði vel merkt og umgengnisreglur séu vel kynntar fyrir notendum svæðisins.

Virðingarfyllst,

f.h. Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar og Kópavogs.

Hörður Þorsteinsson

framkvæmdastjóri